



Auglýsing um utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna sveitarstjórnarkosningar í nýju sveitarfélagi á Austurlandi og heimastjórnarkosninga

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í umdæmi sýslumannsins á Austurlandi vegna sveitarstjórnarkosningar og heimastjórnarkosninga laugardaginn 19. september n.k. hófst 25. júlí sl. og fer fram á skrifstofum sýslumannsins á Austurlandi, sem hér segir:

- **Seyðisfjörður**, Bjólfsgötu 7, frá kl. 09:00 til kl. 15:00.
- **Egilsstaðir**, Lyngási 15, frá og með 10. ágúst, frá kl. 09:00 til kl. 12:00 og frá kl. 13:00 til kl. 15:00.
- **Eskifjörður**, Strandgötu 52, frá kl. 09:00 til kl. 15:00.
- **Vopnafjörður**, Lónabraut 2, skv. samkomulagi við kjörstjóra.

Á öðrum stöðum fer utankjörfundaratkvæðagreiðsla fram sem hér segir:

- **Borgarfjörður**: Hreppstofu, á opnunartíma og skv. samkomulagi við kjörstjóra.
- **Djúpivogur**: Skrifstofu sveitarfélagsins, Bakka 1, á opnunartíma.
- **Egilsstaðir**: Bókasafni Héraðsbúa, Laufskógum 1, frá 7.-18. september, milli kl. 15 og 18 virka daga.

Kjósanda, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, er heimilt að greiða atkvæði í heimahúsi nema hann eigi kost á að greiða atkvæði á stofnun skv. 2. mgr. 58. gr. l. nr. 24/2000. Ósk um að greiða atkvæði í heimahúsi skal vera skrifleg og studd vottorði lögráða manns um hagi kjóсандans og hafa borist hlutaðeigandi kjörstjóra eigi síðar en kl. 16 fjórum dögum fyrir kjördag. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á sjúkrastofnunum mun fara fram í samráði við forstöðumenn þeirra þegar henta þykir og verður ekki auglýst frekar, nema innan stofnananna.

Bent er á að um tvennar aðskildar kosningar er að ræða. Annars vegar listakosningar til sveitarstjórnar í hinu nýja sveitarfélagi og hins vegar óhlutbundnar kosningar til heimastjórna í hverju og einu hinna sameinuðu sveitarfélaga. Í heimastjórnarkosningunni ritar kjósandi fullt nafn og heimilisfang þess sem hann kys og merkir sendiumslagið: „Heimastjórnarkosning“.

*Sýslumaðurinn á Austurlandi
19. ágúst 2020
Lárus Bjarnason*